



SKOÐUN Hrólfur Sigurðsson skrifar um sumarhús og bakteríumengun í neysluvatni. **13**



LÍFIÐ Fyrsti Roller Derby-leikurinn verður spilaður hér á landi um helgina. **30**



SPORT Fjölskylda Arons Jóhannssonar heldur til Brasilíu á morgun til þess að sjá hann spila á HM. **26**

SUMARIÐ Í PAKKA

WOW travel

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
18. júní 2014
141. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Bregða ljósi á gallað kerfi

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir tolla- og vörugjaldakerfið úr sér gengið og tilheyra fortíð sem setja þurfi punkt við.

FRÉTTIR

Ellefu sinnum upp Esjuna Hópur fólks hyggst hlaupa Esjuna ellefu sinnum í röð um næstu helgi. Hlaupið má mest taka nítján klukkustundir. **2**

Rjúpu fjölgar mikið Rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands vorið 2014 sýna fjölgun víða um land. Meðalfjölgun rjúpna á öllum talningar-svæðum var 41 prósent á milli áruna 2013 og 2014. **4**



Bolungarvík	10°	V	5
Akureyri	12°	V	3
Egilsstaðir	14°	NV	7
Kirkjubæjarkl.	17°	V	6
Reykjavík	13°	V	6

MINNKANDI ÚRKOMA Í dag verða yfirleitt vestan 3-10 m/s og skýjað en dálítill rigning NA-til. Hiti 10-18 stig, mildast sunnanlands. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólki



KitchenAid
THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

95th Anniversary
50
1964-2014
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 2B • Sími: 520 7900 • efi@efi.is • www.efi.is

Tugir Íslendinga snúa aldrei aftur eftir vinnuslys ár hvert

Tólf til fimmtán hundruð alvarleg vinnuslys eru tilkynnt Vinnueftirlitinu á ári. Hugarfarsbreytingu þarf í samfélaginu því baráttan gegn vinnuslysum varðar grundvallarmannréttindi, segir yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu.

ÖRYGGISMÁL Tugir einstaklinga slasast það illa í vinnuslysum á hverju ári að þeir eiga ekki afturkvæmt á vinnumarkað. Algerlega óásættanlegt, segir yfirlæknir Vinnueftirlitsins.

Árlega eru á milli sex og sjö þúsund vinnuslys tilkynnt til Slysaskrár Íslands. Tólf til fimmtán hundruð af þeim eru það alvarleg að viðkomandi er fjarverandi frá vinnu í skemmri eða lengri tíma.

Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins, segir tölfræðina svarta og spyr hvort ekki þurfi samstillt átak til varna.

„Tugir einstaklinga verða fyrir varanlegum skaða í vinnu hér á landi á ári. Mjög alvarleg slys skipta hundruðum,“ segir Kristinn. Bak- og hálsáverkar séu líklegastir til að hamlu þátttöku á vinnumarkaði að nýju.

„En við vitum ekki nákvæmlega hver er miski eða örorka vegna slíkra vinnuslysa. Það stafar kannski af því að í þessu samfélagi er ekki allt of miklum fjármunum varið til að rannsaka þennan vettvang, því miður,“ segir Kristinn.

Þá bætir Kristinn við að í íslensku máli sé að finna orðið

„áhættuþóknun“, sem í eðli sínu sé hrikalegt – að fébætur komi fyrir slys sem rænir einstakling heilsunni og möguleikum til eðlilegs lífs. Viðhorfið eigi að vera að fólk komi heilt heim. Um grundvallarmannréttindi sé að ræða. Hvert slys sé óásættanlegt og með markvissum forvörnum og vinnuverndarstarfi megi koma í veg fyrir öll vinnuslys.

„Við greinum nákvæmlega hvaða áhrif framkvæmdir hafa á andfugla og jarðveg, sem er gott mál. En enginn spyr hvort hægt sé að vinna sína vinnu án þess að nokkur slasist eða verði



Enginn spyr hvort hægt sé að vinna sína vinnu án þess að nokkur slasist eða verði fyrir heilsutjóni.

Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins.

Það verðum við að temja okkur,“ segir Kristinn Tómasson. -sh



FASTIR LIÐIR EINS OG VENJULEGA Veðurguðirnir virðast vanafastir þegar kemur að þjóðhátíðarveðri í Reykjavík. Ausandi rigning helltist yfir háa sem lága eins og þetta fólk sem gekk eftir Fríkirkjuvegi. Sjá síðu 8



GUNNAR ÞÓRÐARSON Tók við viðurkenningu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Borgarlistamaður 2014:

Heiðra Gunna Þórðar í Höfða

MENNING „Þetta er allt eins og í ævintýri,“ segir Gunnar Þórðarson tónlistarmaður brosmildur eftir að hafa verið útnefndur Borgarlistamaður Reykjavíkur 2014 í Höfða í gær. Fékk Gunnar ágrafinn stein, heiðurskjal og viðurkenningarfé.

Gunnar var einnig sigursæll á Grímuverðlaunahátíðinni vegna óperunnar Ragnheiðar. Hann kveðst þakklátur fyrir allan heiðurinn. „Það er alltaf ljúft að vera viðurkenndur fyrir starf sitt,“ segir hann. -gun / sjá síðu 36.

Niðurstaða Seðlabankans um erlenda seljendur lífeyrissparnaðar hérlandis: Loka á fyrir sparnað úr landinu

FJÁRMÁL Starfsemi erlendra tryggingafélaga og sala þeirra á sparnaðarleiðum til einstaklinga hérlandis brýtur gegn lögum um gjaldeyris-mál.

Þrjátíu þúsund Íslendingar, sem hafa safnað sparnaði erlendis gegnum umboðsmenn erlendra tryggingafélaga hér á landi eftir að höftum var komið á, þurfa að hætta því og færa sparnaðinn í krónur. Sá sparnaður sem þegar hefur byggst

upp erlendis er ekki skilaskyldur.

„Þetta fé er farið út og hefur myndað á þeim grundvelli ákveðin réttindi sem haldast. Við gerum enga kröfu um að vinda ofan af því sem orðið er enda viljum við gæta meðalhófs í þessu og að skaðinn verði sem minnstur,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri.

Seðlabankinn ætlar að á árunum 2012-2014 hafi jafnvirði 40 milljarða króna farið úr landi í

Við gerum enga kröfu um að vinda ofan af því sem orðið er.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri.

erlendum gjaldeyri vegna þessara sparnaðarleiða.

Eitt félaganna sem um ræðir, Allianz, segir breytingar á reglum eftir á koma félaginu í opna skjöldu.

-þp / sjá síðu 4

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Vertu laus við LIÐVERKINA!

20% af 90 tbl.

NUTRILENK MARINE GOLD

www.gangur.is

SPURNING DAGSINS



Aron, hefurðu hugsað þér að leggjast í viking?

„Já, erum við Vikingar hvort eð er ekki vanir að skilja eftir okkur sviðna jörð?“

Aron Elís Práanderson spilar fótbolta fyrir Viking, og hefur vakið mikla athygli hjá erlendum fótknattleikslíðum fyrir góðan árangur í íþróttinni.

Alþingi kallað saman og þingmenn greiða atkvæði um aðgerðir gegn vinnustöðvun flugvirkja í dag: Flugvirkjar íhuga að draga ríkið fyrir dóm

KJARADEILUR Ef til þess kemur að verkfall flugvirkja verði stöðvað með löggjöf íhuga flugvirkjar að leita réttar síns hjá dómstólum.

Þetta sagði Marius Sigurjónsson, formaður samninganefndar flugvirkja, í kjölfar þess að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra lét kalla til þings í gær svo þingmenn geti kosið um lög gegn boðuðu verkfalli flugvirkja á morgun.

Marius segir samningaviðræður nefndarinnar við ríkissáttasemjara hafa gjörbreyst eftir að Hanna Birna kallaði til þings í gær.

„Við teljum þetta vera ígildi þvingunarað-

gerða af hendi stjórnvalda og þetta er verulega slæm þróun fyrir kjarasamninga eða kjaraviðræður í heild sinni á vinnumarkaði,“ segir Marius sem kveður Flugvirkjafélag Íslands ekki munu taka því „þegjandi“ ef lög verða sett á verkfalla þeirra.

„Það er alveg á hreinu. Eins og ég hef sagt áður: Við spilum eftir reglum og við munum leita réttar okkar fyrir dómstólum,“ segir Marius Sigurjónsson.

Verði verkfall mun það hefta allar flugsamgöngur frá Keflavíkurlugvelli, og fleiri tugum flugferða verður frestað.

-nej/kóh



FLUGVIRKJAR Formaður samninganefndar flugvirkja segist ekki ætla að taka þvingunum þegjandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Á BESSASTÖÐUM Hópurinn er hér með forsetahjónunum Ólafi og Dorrit.

MYND/GUNNAR VIGFÚSSON.

Fjölbreyttur hópur fólks heiðraður fyrir gott ævistarf:

Fengu fálkaorðu á Bessastöðum

FORSETI Níu voru sæmdir riddarakrossi við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Það voru Dagfinnur Stefánsson flugstjóri, Friðjón Björn Friðjónsson fyrir forystustörf á vettvangi íþróttar, Guðný Sverrisdóttir frá Grenivík fyrir störf í þágu heimabyggðar og Hallfríður Ólafsdóttir fyrir tónlistaruppeldi ungs fólks. Þá fengu orðuna Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur, Hjörleifur Stefánsson arkitekt, Lilja Árnadóttir þjóðháttfræðingur, Sigrún Guðjónsdóttir myndlistarmaður og Tómas R. Einarsson tónlistarmaður fyrir framlag til íslenskrar djasstónlistar.

-ssb

Banni við minkafeldum aflétt:

Hollenskir minkar leyfðir

HOLLAND Banni sem hollenska þingið setti við framleiðslu og sölu minkaskinna var aflétt á grundvelli mannréttindabrotar. Undir lok ársins 2012 kaus hollenska þingið um löggjöf sem gerði minkaskinnaframleiðslu óheimila á þeim forsendum að varan sé ómannúðleg lúxusvara sem sé með öllu óþörf.

Í úrskurði dómssvalds í Haag segir að löggjöfin brjóti á mannréttindum minkabændanna, og að hvort menn framleiði minkafeldi eður ei sé algjörlega undir þeim sjálfum komið.

Minkabændur í Hollandi fagna dómúrskurðinum.

-kóh

Marijúanarækt í þorpi:

Lögreglu svarað með vélbyssum

ALBANÍA, AP Nú í vikunni voru 500 lögreglumenn sendir inn í þorpið Lazarat í Albaníu til þess að stöðva þar fíkniefnaframleiðslu, sem stunduð er fyrir opnum tjöldum.

Þorpsbúar, sem þar til fyrir fáum árum stunduðu hefðbundinn landbúnað, svöruðu með vélbyssuskothríð, handspengjum og sprengjuvörpum og hrundu atlögu lögreglunnar.

Óvíst er um framhaldið, en þorpið er um þessar mundir höfuðvígi marijúanaræktar í Evrópu. Tekjur þorpsbúa af henni nema milljörðum evra á ári.

-gb

Hlaupa upp Esjuna ellefu sinnum í röð

Fjöldi fólks leggur upp í mikla líkamlega þolraun um næstu helgi. Þeir hörðustu hyggjast hlaupa Esjuna ellefu sinnum í röð en hlaupið má mest taka nítján klukkustundir. Stóra hlaupið skilar þátttökurétti í víðavangs- og fjallahlaupum erlendis.

ÍÞRÓTTIR Fjöldi fólks hyggst hlaupa upp Esjuna á laugardag í fjallahlaupinu Mt. Esja Ultra sem haldið er í þriðja sinn í ár.

Þrjú erfiðleikastig standa áhugasömum hlaupurum til boða en minnst er hægt að hlaupa upp Esjuna tvisvar sinnum, samtals fjórtán km leið með 1.200 metra hækkun.

Elísabet Margeirsdóttir næringarfræðingur er að skipuleggja hlaupið. „Þetta er alveg hægt. Það hafa næstum allir klárað sem hafa byrjað þetta og upplifunin hefur verið góð hjá fólki. Þetta er líka miklu skemmtilegra en það hljómar.“ Elísabet segir að fólk af öllum stærðum og gerðum hafi tekið þátt í hlaupinu. „Það er mikil stemning og þátttakendur eru duglegur við að hvetja hver annan áfram þegar þeir mætast á leiðinni. Flestir sem hafa farið í þetta hafa reynslu af lengri hlaupum og hafa hlaupið erlendis, til dæmis í fjallahlaupum. Aðalatriðið er að fara ekki of geyst af stað.“

Fimm manns hafa nú þegar skráð sig í ellefu ferða hlaupið en aðeins einn þeirra, Friðleifur Friðleifsson, hefur hlaupið það áður. Þá setti hann nýtt brautar-met í fyrra og hljóp tíu ferðir á níu klukkustundum og 43 mínútum. „Tilgangurinn með hlaupinu er punktasöfnun. Keppendur geta fengið punkta sem gefa inngöngu í erfiðari hlaup erlendis,“ segir Elísabet.

Síðasta hringnum í stóra hlaupinu var bætt við vegna hertra skilyrða erlendis frá. Við það bættust sjö km við leiðina.

Átján ára aldurstakmark er í



VIÐ RÁSMARKIÐ Mikill fjöldi fólks hljóp upp Esjuna í blíðviðri í fyrra. Hér sést hópurinn sem hljóp tvisvar upp og niður fjallið leggja af stað.

MYND/MT. ESJA ULTRA

→ Næstum tvöfalt maraþon upp í móti

í boði eru þrjár leiðir:

1.200 Að hlaupa Esjuna tvisvar sem er fjórtán km leið með 1.200 metra hækkun.

3.000 Að hlaupa Esjuna fimm sinnum. Það er 35 km leið með 3.000 metra hækkun.

6.600 Að hlaupa Esjuna ellefu sinnum. Um er að ræða 77 km leið með 6.600 metra hækkun.

fimm hringja hlaupið en tuttugu ára aldurstakmark gildir í stóra ellefu hringja hlaupið. Hlaupa-hringurinn hefst við skógræktina við Esjuhliðar en svo er hlaupið upp að steini á toppi Esjunnar og aðra leið niður.

Elísabet segir að búist sé við góðri þátttöku í hlaupið í ár en fjallahlaup hafa verið að auka vinsældir sínar jafnt og þétt. „Þetta er hrikalega skemmtilegt og stemningin verður góð.“

snaeros@frettabladid.is

Forsætisráðherra segir framfaratrú Íslendinga grundvöll að velgengni þjóðar: Með áhyggjur af landsbyggðinni

ÞJÓÐHÁTÍÐ Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra beindi sjónum sínum að bágrri stöðu landsbyggðarinnar í þjóðhátíðarræðu sinni á Austurvelli í gær.

„Það er áhyggjuefni að framfarasaga lýðveldisins hefur ekki nýst landinu öllu jafnt,“ sagði Sigmundur meðal annars í ræðu sinni. Sigmundur fór yfir þá fólksfækkun sem orðið hefur á Vestfjörðum síðan við lýðveldisstofnun árið 1944 en segir sóknarfæri felast í málefnum Norðurlóða fyrir landsvæðið.

Sigmundur sagði í ræðu sinni að saga Íslands væri saga mikilla framfara. Hann sagði að verðmætasköpun hafi aukist hraðar en í flestum löndum heims, jafnvel öllum öðrum Evrópuríkjum. Jafnframt að hlutfall landsmanna undir lágtekjumörkum sé það lægsta sem gerist í Evrópu.

Sigmundur Davíð velti upp þeirri spurningu hvað gerði þjóð að þjóð og sagði: „Landið, tungumálið, sagan og menningin eru augljósir þættir sem skapa okkur sameiginleg minni, grundvöll til að byggja sjálfsmynd þjóðarinnar.“

Hann klykkti svo út með því að trú Íslendinga á því að landinu væru allir vegir færir hefði skilað



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Forsætisráðherra flutti hátíðarræðu á Austurvelli í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

þeim góða árangri sem náðist á síðari hluta tuttugustu aldar. Það hugarfar ætti að vera þjóðinni ofarlega í huga áfram en með bjartsýni að leiðarljósi ætti Ísland farsæla framtíð.

-ssb

Flottar útskriftargjafir – okkar hönnun og smíði

JÓN & ÓSKAR

Sími 552 4910 | jonogoskar.is | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind



NÝR RENAULT SENDIBÍLL Í SUMAR



ÁREIÐANLEGIR ATVINNUBÍLAR

Hvernig væri að keyra inn í sumarið á nýjum sparneytnum Renault sendibíl? Láttu sölumenn okkar í Fyrirtækjaþjónustu BL gera þér tilboð í nýjan sendibíl.

Renault sendibílar eru sparneytnir, ríkulega búnir og á góðu verði. Hafið samband við okkur í síma 525 8000 eða sendið okkur línu á bl@bl.is

RENAULT KANGOO RAFBÍLL VÆNTANLEGUR



ÞÚ FINNUR ATVINNUBÍLINN HJÁ OKKUR



RENAULT KANGOO EXPRESS
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 4,2 L/100 KM**
VERÐ: **3.190.000 / 2.541.833 KR.** ÁN VSK.



RENAULT KANGOO MAXI
DÍ SIL, **EYÐSLA 4,5 L/100 KM**
VERÐ: **3.490.000 / 2.780.876 KR.** ÁN VSK.



RENAULT TRAFIC
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,9 L/100 KM**
VERÐ FRÁ: **4.290.000 / 3.418.327 KR.** ÁN VSK.



RENAULT TRAFIC 9 MANNA
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 6,9 L/100 KM**
VERÐ: **6.490.000 / 5.481.000 KR.** MEÐ NIÐURFELLINGU



RENAULT MASTER
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM**
VERÐ FRÁ: **5.390.000 / 4.294.821 KR.** ÁN VSK.



RENAULT MASTER COMBI 8-9 MANNA
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM**
VERÐ: **8.890.000 / 7.750.000 KR.** MEÐ NIÐURFELLINGU



RENAULT MASTER BUS 17 MANNA
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM**
VERÐ: **8.290.000 KR.** MEÐ HÓPFERÐARLEYFI



RENAULT MASTER PALLBÍLL
DÍ SIL BEINSKIPTUR, **EYÐSLA 7,8 L/100 KM**
VERÐ: **6.290.000 / 5.011.952 KR.** ÁN VSK.
EINNI TIL MEÐ TVÖFOLDU HÚSI

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílís
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



SVONA ERUM VIÐ



325 þúsund og 671 Íslending taldi Hagstofa þann 1. janúar 2014.

Fyrir tíu árum voru Íslendingar 295.570, eða rúmlega þrjátíu þúsundum færri.

Niðurstöður rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar koma ekki á óvart: Rjúpum fjölgar um 40 prósent

NÁTTÚRA Rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands voru í 2014 sýna fjölgun víða um land. Meðalfjölgun rjúpna á öllum talningarsvæðum var 41 prósent á milli áruna 2013 og 2014.

Samkvæmt tilkynningu frá Náttúrufræðistofnun eru þessar niðurstöður í samræmi við niðurstöðu rjúpnatalninga vorið 2013. Þær sýndu að fækkunarskeiði sem hófst 2009 til 2010 lauk eftir aðeins tvö til þrjú ár. Þetta er óvanalegt þar sem fyrri fækkunarskeið hafa

varað í fimm til átta ár og samkvæmt því átti næsta lágmark að vera á árunum 2015 til 2018.

„Í sögulegu samhengi er þetta ekkert mikið. Þótt aukningin sé veruleg á milli ára hefur stofninn ekki náð neinum hæðum,“ segir Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, aðspurður. „Ef upp-sveiflan heldur áfram, sem við skulum vona, þarf hann að vaxa í tvö

til þrjú ár svo að hann verði kominn í þann fjölda sem mest hefur verið síðustu 30 til 40 árin.“

Vöxtur rjúpnastofnsins 2013 til 2014 er mismikill eftir landshlutum og á Suðurlandi og Norðvesturlandi er kyrrstaða eða fækkun. Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins og nánari greining á ástæðum fjölgunar mun liggja fyrir í ágúst. -fb

RJÚPA Meðalfjölgun rjúpna var 41 prósent á milli áruna 2014 til 2014.



Fella sig ekki við skilmála: Arctic Monkeys fara af YouTube

TÓNLIST Eftir nokkra daga mun myndbandasíðan YouTube byrja að loka fyrir myndbönd tónlistarmanna sem ekki samþykkja nýja skilmála vefsins. Notendur geta greitt fyrir að hlusta á tónlist eða horfa á myndbönd.

Ekki hafa öll útgáfufyrirtæki samþykkt nýju skilmálana. Þar undir eru Adele, Franz Ferdinand og Arctic Monkeys. Semjónist ekki hverfa myndbönd allra þessara tónlistarmanna af YouTube. -bá



VIKTORÍA OG DANÍEL Kóngafólkið á þjóðhátíðardegi Svíþjóðar þann 6. júní síðastliðinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Krónprinsessa Svíþjóðar heimsækir Ísland í annað sinn: Kóngafólk heimsækir forsetann

HEIMSÓKN Viktoría, krónprinsessa Svíþjóðar, og maður hennar, Daníel prins, eru væntanleg til landsins í dag og munu eiga fund með forseta Íslands, Ólafi Ragnar Grímssyni, klukkan tuttugu mínútur í tíu.

Þetta er í annað sinn sem krónprinsessan kemur hingað til lands í boði forseta Íslands en hún kom ásamt foreldrum sínum árið 2004. Eiginmaður hennar, Daníel prins, hefur ekki komið hingað áður í opinberum erindagjörðum.

Hjónin munu verja tveimur dögum á Íslandi. Þeim fyrri verður varið í kringum höfuðborgarsvæðið en fyrir utan kvöldverðarboð á Bessastöðum munu þau heimsækja Hellsisheidarvirkjun og stóðtækjafyrirtækið Össur.

Seinni daginn er ferðinni heitið norður í land til Húsavíkur þar sem gestirnir munu fara í hvalaskoðun ásamt forsetahjónunum. Kóngafólkið mun heimsækja Mývatnssveit og Námaskarð auk þess sem það mun taka þátt í málstofu um málefni norðurlóða í Háskólanum á Akureyri. -ssb

Kunnu sér ekki hóf í drykkju: Ölvað fólk með læti handtekið

LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók þó nokkra ölvaða afbrotamenn í gærmorgun. Kona ein var handtekin í Austurstræti þar sem hún var grunuð um hnuþl. Var hún þá ekki viðræðuhæf vegna ölvunar.

Maður nokkur var svo handtekin við Granda. Líkast til er hann erlendur ferðamaður, en hann var skilríkjalaus og gat ekki sagt til nafns, svo drukinn var hann. Maðurinn var vistaður í fanga-geymslu meðan hann jafnaði sig.

Einnig var bifreið á Kringlumýrarbraut stöðvuð. Ökumaðurinn var grunaður um akstur undir áhrifum. -kóh

Yngstu öikumennirnir líklegri: Öikumenn bakka of oft á

SLYSAMÁL Rúmlega þriðjungur ökutækjafólka hjá VÍS stafar af því að bílstjórar bakka á.

Ungir öikumenn eru talsvert líklegri til þess en þeir sem eru eldri og reyndari, en í um það bil 13% tilvika verður slíkt tjón hjá allra yngstu öikumönnum, þeim sem hafa nýlokið bílprófi.

Gott getur verið að fá ferðafélaga til að stíga út úr bílnum og segja öikumanni til.

Einnig er góð venja að bakka í stæði þegar aðstæður leyfa, en talsvert auðveldara er að keyra áfram úr stæði en bakka út úr því og þaðan inn í umferð. -kóh

Loka á sparnað ytra

Gjaldeyrishöft gera erlendum tryggingafélögum óheimilt að selja sparnaðarleiðir segir Seðlabanki Íslands. Þrjátíu þúsund Íslendingar sem safnað hafa sparnaði ytra í gegn um erlenda umboðsaðila verða að hætta því og færa sparnaðinn í krónur.

FJÁRMÁL Starfsemi erlendra tryggingafélaga og sala þeirra á sparnaðarleiðum til einstaklinga hérlendis brýtur gegn lögum um gjaldeyrismál. Þrjátíu þúsund Íslendingar sem hafa safnað sparnaði erlendis gegnum umboðsmenn erlendra tryggingafélaga hér á landi eftir að höftum var komið á, þurfa að hætta því og færa sparnaðinn í krónur.

Vöru- og þjónustuviðskipti eru undanþegin gjaldeyrishöftum en undir það falla kaup á tryggingum. Miðlarar erlendra tryggingafyrirtækja eins og Allianz á Íslandi, Sparnaðar og Tryggingamiðlunar Íslands bjóða upp á sparnaðar- og tryggingarleiðir þar sem iðgjaldagreiðslum er varið til söfnunar höfuðstóls í erlendum gjaldeyri.

Hefur þessi þjónusta verið í boði árum saman án afskipta Seðlabankans. Morgunblaðið greindi frá því í gær að þetta yrði stöðvað þar sem Seðlabankinn teldi þetta brot á lögum um gjaldeyrismál.

Talið er að þrjátíu þúsund Íslendingar séu í viðskiptum við umboðsmenn þessara fyrirtækja hér á landi en Seðlabankinn mun veita þessum fyrirtækjum fjögurra mánaða aðlögunartíma til að færa sparnaðinn í íslenskar krónur. Þeir samningar sem voru gerðir fyrir 28. nóvember 2008, þegar gjaldeyrishöftin voru lögfest, halda gildi sínu.

En hvers vegna tók það Seðlabankann allan þennan tíma að átta sig á því að þetta bryti gegn höftunum? „Í fyrsta lagi þegar löggin voru sett þá var þessi starfsemi frekar lítil. Það tók hana tíma að vinda upp á sig. Við fengum líka upplýsingar frá þessum aðilum sem voru ekki að öllu leyti réttar en það er þó nokkuð síðan við komumst að þeirri niðurstöðu að þetta væri ekki í samræmi við lög en



SEÐLABANKASTJÓRI Már Guðmundsson segir allt að 40 milljarða króna hafa farið úr landi í erlendum gjaldeyri vegna sparnaðarleiða erlendra tryggingafélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

það nægði ekki því við þurftum að gera þetta í góðri samvinnu við alla aðila sem að þessum málum koma hér innanlands og síðast en ekki síst Alþjóðagjaldeyrissjóðinn,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun lengi vel hafa flokkað þetta sem vöru- og þjónustuviðskipti sem stæðu utan hafta.

Már segir um að ræða blöndu af váttryggingarsamningum og sparnaði. Talsverður tími hafi farið í að finna leiðir til þess að gera þetta með þeim hætti að það ylli sem minnstum skaða fyrir einstaklinga sem gerðu samninga í góðri trú.

Seðlabankinn áætlar að á árunum 2012-2014 hafi jafnvirði 40 milljarða króna farið úr landi í erlendum gjaldeyri vegna þessara sparnaðarleiða.

Yfirlýsing Allianz

Tryggingafélagið Allianz gaf út yfirlýsingu í kjölfar fréttu um að sala erlendra sparnaðarleiða væri ólögleg vegna gjaldeyrishafta. Í yfirlýsingu segir að félagið hafi í einu og öllu unnið í samráði við og með leyfi Seðlabankans allt frá því að reglur um gjaldeyrishöft voru sett í nóvember 2008.

Sá sparnaður sem þegar hefur byggst upp erlendis er ekki skilaskyldur. „Þetta fé er farið út og hefur myndað á þeim grundvelli ákveðin réttindi sem halda. Við gerum enga kröfu um að vinna ofan af því sem orðið er enda viljum við gæta meðalhófs í þessu og að skaðinn verði sem minnstur,“ segir seðlabankastjóri.

thorbjorn@stod2.is

500.000 kr. afsláttur!

3 stk. af eftirárshúsum

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

5 m/s
10°

3 m/s
12°

7 m/s
11°

5 m/s
12°

3 m/s
11°

7 m/s
14°

6 m/s
13°

8 m/s
13°

6 m/s
17°

Á MORGUN
3-8 m/s.


10° 12° 13° 16°

FÖSTUDAGUR
Viðast hæggur vindur.

7° 10° 11° 15°

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson koll@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



20% afsl. af öllum vörum frá Mora og Ifö
í tilefni heimsóknar sænsku krónprinsessunnar



GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

VEISTU SVARID?



1. Hver gat ómögulega endurræst hreyfil flugvélar sinnar?
2. Hver hlaut verðlaun fyrir bestu leikstjórn á Grímunni 2014?
3. Hvaða íslenska söngkona sat fyrir á forsíðu Dark Beauty Magazine?

SVÖR:
1. Ómar Ragnarsson, 2. Egill Heiðar Anton Pálsson, 3. Svava Björgvins.

Múgur manns barði 16 ára rómapilt til óbóta í Frakklandi en hann hafði verið sakaður um þjófnað: Frakklandsforseti fordæmir ofbeldið

FRAKKLAND Múgur manns réðst á sextán ára pilt og barði til óbóta. Hann liggur nú þungt haldinn á sjúkrahúsi og er haldið sofandi, þar sem kvalir hans voru orðnar óbærilegar.

Pilturinn, sem sagður er heita Darius, er af rómafólki. Hann hafði verið sakaður um þjófnað.

Rúmlega tíu manns réðust inn í búðir rómafólks skammt norður af París á föstudagskvöld og námu piltinn burt. Um 200 manns flúðu úr búðunum sama kvöld. Pilturinn fannst síðan stórslasaður í innkaupavagni við vegarkant.

Francois Hollande Frakklandsforseti sendi

í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann fordæmdi árásina og sagði að allt kapp verði að leggja á að finna ofbeldismennina.

Árásum á rómafólk hefur fjölgað mikið í Frakklandi undanfarið. Það býr margt í fátæglegum búðum sem hróflað hefur verið upp við þjóðvegi landsins. Það er iðulega sakað um þjófnað og verður fyrir margvíslegum fordómum.

Staða rómafólks hefur verið mikið til umræðu í Frakklandi síðustu misserin, eða allt frá því að Nicolas Sarkozy, þáverandi forseti, tók sér fyrir hendur að láta rífa búðir þess og sagði þær gróðrarstíu glæpa.



HRÓFATILDUR Fátæklegar búðir rómafólks hafa lengi verið byrnir í augum margra betur staddra íbúa landsins.



HULIN ANDLIT Talíbanar stóðu fyrir árás á Karachi-flugvöll í Pakistan, en þar voru 34 myrtir og flugvöllurinn skemmdist mikið. Árásarmennirnir, sem voru að alla nóttina, notuðust við flugskeytabyssur og hríðskotabyssur.

Hóta fyrirtækjum og lofa gagnarásum gegn her ríkisins:

Talíbanar handteknir í Pakistan

PAKISTAN, AFP Pakistanskir lögreglumenn standa vörð um handteknar menn, grunaða um að hafa tekið þátt í hernaðaraðgerðum talíbana á Karachi-flugvelli þar sem fleiri tugum var grandað.

Herskáir talíbanar vörðu útlend fyrirtæki og stofnanir við því að yfirlæta þau ekki Pakistan myndu þau sæta refsingu.

Einnig lofaði hreyfingin því að hún myndi gera gagnarásum á hersveitir pakistönsku ríkisstjórnarinnar, sem sendi þúsundir hermanna til að fríða ófriðarsvæði í landinu, sem hefur verið undir stjórn talíbana og al-Qaeda.

Harðir bardagar norður af Bagdad

Hefndaraðgerðir sjía-múslima gegn súnnum eru byrjaðar í Írak. Sameinuðu þjóðirnar segja hættu á allsherjarstríði í Miðausturlöndum. Bandaríkin ræða nú samstarf við sjía-múslimana í Íran og Bretar hafa opnað sendiráð í Íran á ný.

ÍRAK Harðir bardagar hafa geislað skammt norður af Bagdad, höfuðborg Íraks. Herskáir súnna-múslimar hafa gert árásum á hverfi sjía-múslima í borginni, en sjía-múslimar eru byrjaðir að svara fyrir sig með árásum og fjöldamorðum á súnnum.

Átökin í Írak gætu hæglega snúist upp í allsherjarstríð milli súnna og sjía, sem næðu langt út fyrir landamæri Íraks. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna segir ólguna í Írak hafa bein áhrif í Sýrlandi, þar sem borgarastyrjöld hefur geislað árum saman. Íslamsamtökin Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær hafa náð þar stóru svæði á sitt vald, rétt eins og í Sýrlandi.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvetur alla ráðamenn í Írak, leiðtoga stjórnmalafylkinga, trúarhópa og hersveita, til þess að tryggja að fylgismenn þeirra forðist hefndaraðgerðir.

Herskáir íslamistar úr röðum súnna-múslima náðu í fyrrinótt á sitt vald borginni Bakúba, skammt norður af höfuðborginni, en sjía-múslimar hliðhollir stjórninni náðu borginni fljótlega á sitt vald aftur.

Tugir fanga, allt súnna-múslimar, fundust látnir í fangelsi þar í borg eftir að uppreisnarmenn höfðu reynt að brjóta sig inn í fangelsið.

Þá varð bílasprengja að minnsta kosti tólf manns að bana á markaðstorgi í Sadr City-hverfinu í Bagdad. Í því hverfi búa sjía-múslimar. Tugir til viðbótar særðust.

Sigurganga herskára íslamista í Írak og Sýrlandi virðast ætla að verða til þess að bæði Bandaríkin og Bretar taki sjía-stjórnina í Íran harla hratt inn úr kuldunum, en



Á LEIÐINI Í STRÍÐ Ungir sjíamúslimar vilja ólmir komast í stríðið gegn herskám íslamistum úr röðum súnna.

samband þessara ríkja hefur árum saman verið afar stírt.

Bandarísk stjórnvöld eru þegar farin að ræða við írönsk stjórnvöld um samstarf gegn hinum herskáu súnnum í Írak, og Bretar hafa tilkynnt að sendiráð verði opnað í Íran eftir langt hlé.

Stjórn al Malíkis hefur skorað á unga menn að ganga til liðs við stjórnarherinn að berjast gegn íslamistum. Búast má við því að herskáir sjía-múslimar fari jafnframt á stjál í auknum mæli. Þeir hafa haft hægt um sig í Írak síðustu misserin, enda hefur stjórn Núrís al Malíkis dregið taum sjía á kostnað súnna.

gudsteinn@frettabladid.is

Klofin þjóð

Meðan einræðisherrann Saddam Hussein ríkti í Írak tókst honum að mestu að halda niðri ágreiningi hinna þriggja stóru þjóðernishópa landsins. Súnna-múslimar búa í vestrhlutanum, sjía-múslimar í suðausturhlutanum en Kúrdar í norðausturhlutanum. Eftir að Bandaríkjaher og bandamenn hans steiptu Saddam af stóli fóru öfgamenn úr röðum bæði súnna og sjía á kreik og stunduðu gagnkvæm grimmdarverk. Þau átök eru að blossa upp á ný.

Bresk stjórnvöld segjast í fullum rétti til að njósna um netsamskipti:

Viðurkenna stórfelldar njósnir

BRETLAND Breska leyniþjónustan telur sig vera í fullum rétti til að njósna um netsamskipti fólks. Þetta fullyrðir Charles Farr, yfirmaður breskrar ríkisstofnunar sem sér um öryggismál og baráttu gegn hryðjuverkamönnum, Office for Security and Counter Terrorism.

Hann segir bresk lög gera greinarmun á „innri“ og „ytri“ samskiptum, og engar hömlur séu lagðar á eftirlit með „ytri“ samskiptum, sem eru hvort eð er fyrir opnum tjöldum. Þar undir falli meðal annars samskipti á Facebook og Twitter, leitarniðurstöður á Google og fleira þesslegt.

Til þess að njósna um „innri“ samskipti þarf hins vegar opinberan úrskurð í hverju tilviki.

Þetta er í fyrsta sinn sem bresk stjórnvöld birta opinberlega upplýsingar um stefnu sína gagnvart njósnum um netsamskipti almennings. Þetta gerðu þau nauðbeygd vegna kærur frá nokkrum mannréttindasamtökum, þar á meðal Amnesty International og Privacy International.



EKKERT EINKAMÁL Bresk stjórnvöld áskilja sér allan rétt til að fylgjast með.

Greinargerð Farrs er upp á 48 blaðsíður og hefur verið birt á vefsíðum Privacy International og fleiri mannréttindasamtaka.

Við tjöldum því besta

Vango

kr. 40.995

Tilboð

34.995



Tempest 200

Vinsælasta 2ja manna göngutjaldið okkar, 5000 mm vatnsheldni, 2,75 kg.

kr. 69.995

Tilboð

53.995



Drummond 400

4 manna tjald, gott fortjald, 200 cm lofthæð, 3000 mm vatnsheldni, eldvarinn dúkur.

78.995



ISIS 500

Mjög vandað 5 manna tjald, 7,8 fm fortjald, 4000 mm vatnsheldni, eldvarinn dúkur, einnig til 6 manna.

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

PENINGAFRÆÐSLA SPARNAÐAR

-ALLT UM PENINGA



HVERS VEGNA NÁÐU RAFRÆNIR PENINGAR ÚTBREIÐSLU?

FÁÐU FRÉTTABRÉF SPARNAÐAR Á SPARNADUR.IS SKEMMTILEGUR OG GAGNLEGUR FRÓÐLEIKUR.

Fréttabréf Sparnaðar veitir aðgengilega fræðslu um peningamál og svarar spurningum sem brenna á vörum margra. Meðal efnis er liðurinn peningafræðsla Sparnaðar með fróðleik sem er í senn gagnlegur og skemmtilegur. Auk þess geymir fréttabréfið pistla um fjármál heimilanna og ýmsa þætti efnahagsmála sem eru nútímafólki ofarlega í huga.

Farðu á sparnadur.is og pantaðu gjaldfrjálsa áskrift að Fréttabréfi Sparnaðar núna.



ISO 9001:2008

Holtasmára 1 · 201 Kópavogur
Kaupvangsstræti 4 · 600 Akureyri
Sími: 577 2025 · Fax: 577 2032



SPARNADUR

sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

Við erum á www.facebook.com/sparnadur



SÓLSKINSBROS Veðrið lék við norðanmenn á þjóðhátíðardaginn. Yngsta kynslóðin tók virkan þátt í skemmtuninni á Ráðhústorginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



HUGAÐ AÐ SKÁTA Ungur piltur sem stóð heiðursvörð í fylkingu skáta á Austurvelli fékk aðhlyningu frá Dorrit Mousaieff forsetafrú eftir að liðið hafði yfir hann. Forsetinn fylgdist með og lét bíl þeirra hjóna bíða á meðan. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Skin og skúrir á sautjanda júní

Íslendingar héldu þjóðhátíðardag sinn hátíðlegan vít og breitt um landið í gær. Þótt veðrið færi mis-mildum höndum um mannskapinn eftir landshlutum voru allir í sólskinsskapi.



BLÁSIÐ Í LÚÐRA Ómissandi þáttur í hátíðarhöldum á sautjanda júní er skruðganga undir forystu lúðrasveitar. Hér gengur Lúðrasveit Reykjavíkur um Suðurgötu og að Hólavallakirkjugarði þar sem blóm voru lögð á leiði Jóns Sigurðssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



STEMNING Í EYJUM Vestmannaeyingar gengu fylktu liði eftir Hásteinsvegi undir trommuslætti og lúðrablaesti. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



GAMAN Tívolístemning var í Lækjargötu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Skrúfur og festivörur í Múrbúðinni

Ruspert skrúfan sem iðnaðarmenn velja. **MÚRBÚÐARVERÐ**

Týpa 17 oddur auðveldar skrúfun!

Ruspert ceramic húðun þolir meira en 2000 tíma saltuplausn

Pakki af þessum Ruspert skrúfum 4,5x50 200 stk kostar kr. **1.095**

„Torque“ rifflur minnka viðnám og hreinsa gatið!

Rifflur sem skera viðinn

Torx

Mikið úrval af skrúfum og festingavörum

Skrúfur-stærðir 4-6mm allt að 140mm langar					
A4	A2	Rafgalv	Ruspert	Gippskrúfur	Kopar

Kletthálsi Reykjavík Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

BETRA ÚTSÝNI Í BETRI GÖNGUSKÓM



MEINDL OHIO
LÉTTIR OG ÞÆGILEGIR TIL NOTKUNAR Á GÖNGUSTÍGUM.
VERÐ: 42.990 KR.



MEINDL ISLAND GTX
HÁLFSTÍFIR OG ÓFLUGIR. HENTUGIR Í LENGRI FERÐIR.
VERÐ: 59.990 KR.



MEINDL KANSAS GTX
ÞÆGILEGIR OG TRAUSTIR SKÓR FYRIR FLESTAR LEIÐIR.
VERÐ: 42.990 KR.



TNF VERBARA LITE MID GTX
SÉRLEGA LÉTTIR OG LIPRIR FYRIR LÉTTARA LAND.
VERÐ: 35.990 KR.

ÚTILÍF



Hjódum Viktoríu og Daniel
velkomin til Íslands!



Sænskir dagar 18.-22.júní

Í tilefni Íslandsheimsóknar Viktoríu krónprinsessu
og Daniels prins, efnum við til sænskra daga.

Í boði verða fjölbreyttar kynningar á sænskum
gæðavörum, uppákomur og tilboð.



Menningarviðburðir verða einnig hjá:



Verið velkomin!

Sænska sendiráðið og Sænsk-Íslenska viðskiptaráðið



TRAUSTIR AÐILAR

**GERÐU FRÁBÆR KAUP Á
NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS**

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR



**TÖKUM NOTAÐAN
UPPI NOTAÐAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

BMW 3 320i
Nýskr. 06/10, ekinn 69 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 142204.

**Frábært verð
4.480 þús.**



RENAULT Megane Berline
Nýskr. 05/12, ekinn 71 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 2.390 þús.
Rnr. 320038.



NISSAN Qashqai SE
Nýskr. 05/11, ekinn 103 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.690 þús.
Rnr. 281730.



HYUNDAI ix35
Nýskr. 04/11, ekinn 109 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.420 þús.
Rnr. 102296.



RENAULT Clio Expression
Nýskr. 02/13, ekinn 10 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 2.590 þús.
Rnr. 151972.



TOYOTA Yaris SOL
Nýskr. 01/13, ekinn 13 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.590 þús.
Rnr. 142205.



VW Passat Highline Ecofuel
Nýskr. 08/11, ekinn 102 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 142225.

bíaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



1 **ÓEIRÐIR Í FRAKKLANDI** Franskir lögreglumenn takast á við lestarstarfsmenn í verkfalli í París. Lestarsamgöngur þar í landi hafa að stórum hluta legið niðri síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÁSTAND HEIMSINS



3 **Á FLÓTTA Í PAKISTAN** Pakistönsk stúlka gægist út undan tjaldi. Hún flúði þorp sitt í Norður-Waziristan, þar sem pakistanski herinn hefur undanfarið lagt til atögu gegn herskáum talibön-um. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



2 **KÓNGAFÓLK Á KAPPREIÐUM** Elísabet Bretadrottning brá sér á hinar árlegu kappreiðar í Aston í gær ásamt eiginmanni sínum, Filippusi, og sonarsonum þeirra, prinsunum Andrési og Harry. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



4 **Á RÚI OG STÚI Í PALESTÍNU** Palestínsk stúlka í svefnherberginu heima hjá sér í Balata-flóttamannabúðunum eftir að ísraelskir hermenn höfðu gert þar húsrétt. Þeir hafa undanfarna daga verið að leita að þremur ísraelskum ungumnum sem saknað er síðan á fimmtudag. NORDICPHOTOS/AFP

25%

afsláttur

af öllum styrkleikum og pakkningastærðum

NÝTT

Apótekarinn+
byf á lægra verði

ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST

Það er skemmtilegt að skoða og reynsluaka nýjum bíl. Komdu og láttu sölumenn okkar stjarna við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.



LEAF NORDIC

FYRIR KALDARI MARKAÐSSVÆÐI

VERÐ: 4.490.000 KR.

KAUPAUKI Í JÚNÍ - HRAÐHLEÐSLUSTÖÐ FYRIR HEIMILIÐ EÐA BÚSTAÐINN SEM HLEÐUR BÍLINN Á 4 TÍMUM FYLGIR NÝJUM LEAF!



10 HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVAR

Uppsetningu á 10 nýjum hraðhleðslustöðvum lýkur í sumar í Reykjavík og nágrenni. Þær gera þér kleift að **hlaða LEAF á 30 mínútum þér að kostnaðarlausu.**

Nissan hraðhleðslustöðvarnar eru settar upp í samstarfi við ON



RENAULT CAPTUR



RENAULT CAPTUR DYNAMIC
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: 3.890.000 KR.
DÍSIL, BEINSKIPTUR. VERÐ: 3.590.000 KR.
3,6 l/100 km

NISSAN JUKE



NISSAN JUKE
DÍSIL, BEINSKIPTUR. VERÐ: 3.490.000 KR.
4,2 l/100 km

FJÖLSKYLDUVÆNIR RENAULT

BÆÐI RENAULT CLIO OG RENAULT MEGANE ERU TIL Í ÚTFÆRSLU FYRIR FJÖLSKYLDUR SEM ÞURFA MEIRA PLÁSS

RENAULT CLIO **SPORT TOURER**, DÍSIL
VERÐ FRÁ: 3.090.00 KR.



TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Verkföll hjá Icelandair:

Samkeppni í flugrekstri

Icelandair hefur átt í stökustu vandræðum með að ná samningum við starfsfólk sitt. Ferðaáætlanir þúsunda ferðalanga röskuðust í stuttum verkfallsaðgerðum flugmanna fyrirtækisins sem endaði með því að alþingi setti lög sem bönnuðu verkfallið. Það hlýtur að vera þungbært fyrir ríkisstjórnina að þurfa að grípa inn í frjálsa samninga á vinnumarkaði – og mætti hafa meiri samúð með stjórnmalamönnum ef þeir hefðu ekki spilað því trompi út vegna verkfalls undirmanna á Herjólfu. Nú þarf að setja lög á flugvirkja en á mánudag lögðu flugvirkjar niður vinnu í einn dag og þá þurfti að fella niður 65 flugferðir hjá Icelandair. Það hafði áhrif á ferðaáætlanir þúsunda farþega. Við megum prísfa okkur sæl að flugfreyjur hjá Icelandair undirrituðu kjarasamning nýlega.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Eðlilegt er að líta á verkfallsréttinn sem heilagan. En flugmenn nutu lítillar samúðar meðal almennings; flugmenn eru með tiltölulega há laun sé litið til meðaltals launa auk þess sem flestir áttuðu sig á því að þjóðfélagið allt var að verða af miklum gjald-

eyristekjum vegna þessa. Verkfall flugmanna, eins og annarra sem geta haldið flugsamgöngum til og frá landinu í gislingu, hafði mikil áhrif þótt stutt væri. Aðilar í ferðaþjónustunni segja að hver einasti klukkutími hafi áhrif. Við getum öll sett okkur í spor ferðalanga sem ferðast til ókunnugs lands og eru í óvissu um hvort þeir yfirhöfuð komist á áfangastað eða heim aftur. Ímynd Íslands sem ferðamannalands stórskadaðist.

Samtök ferðaþjónustunnar skoruðu á flugvirkja og Icelandair að ná samningum áður en til boðaðs verkfalls kæmi í dag. Ábyrgð samningsaðila er enda mikil. Í tilkynningu frá Samtökum ferðaþjónustunnar segir að ímynd og orðspor Íslands sem ferðamannastaðar sé í mikilli hættu, „enda eru öruggar samgöngur til og frá landinu eitthvað sem verður að vera hægt að treysta á“.

Hátækjuhópar, sem eru í þeirri stöðu að geta lamað þjóðfélagið allt og valdið því stórfelldum skaða, ættu að fara varlega í að beita verkfallsréttinum. Í það minnsta vilji þeir njóta samúðar og virðingar í samfélaginu. Þó er vert að undirstrika að „sanngjörn“ laun eru afstæð. Ef fyrirtæki græðir á tá og fingri er betra að starfsfólk njóti þess. Sjálfsgat er að líta til þess, sem og þess að verkfallsaðgerðir hafa leitt í ljós hversu stórt Icelandair er á íslenskum markaði. Þetta er ekkert venjulegt fyrirtæki. Hér fer allt á hliðina ef starfsfólk leggur þar niður vinnuna enda er það svo að mikill meirihluti þeirra farþegavéla sem fljúga með farþega til og frá Íslandi eru vélar Icelandair.

Það er gott fyrir ferðaþjónustuna og farþega að alþingi setti lög á verkföll starfsfólks hjá Icelandair. En er það endilega til eftirbreytni? Myndi alþingi vera kallað saman til að setja lög á verkfall flugfreyja hjá WOW air? Ef ríkisvaldið beitir sér því aðeins að verkfallsaðgerðir hafi veruleg áhrif á þjóðarhag, eða volduga aðila í samfélaginu, þá hljóta menn að endurskoða hvers eðlis hinn heilagi verkfallsréttur er.

Verkföll flugmanna og flugvirkja hjá Icelandair benda hins vegar ótvírætt til þess að hér sé vert að hlúa betur að samkeppninni. Í raun er óásættanlegt að eitt fyrirtæki geti haldið hér öllu í gislingu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lítið spennt fyrir sjálfstæðinu Gestir miðborgarinnar voru sammála um að lítil þjóðhátíðarstemning hefði ríkt í Reykjavík í gær. Frekar fámennt var í bænum og aðeins nokkrar hræður fylgdust með tónleikum á Arnarhóli á áttunda tímanum. Vissulega hefur úrhellið sett strik í reikninginn en þó er eins og stemningin fyrir þjóðhátíðardeginum hafi farið minnkandi ár frá ári um nokkurra ára skeið. Hin klassíska formúla með hoppuköstul, sykurfrauði og Brúðubílum virðist ekki trekkja að lengur og dagurinn hefur að miklu leyti glatað hátíðleika sínum. Nú er spurning hvort borgaryfirvöld þurfi ekki að hysja upp um sig buxurnar og skipta um taktík fyrir næsta þjóðhátíðardag.



Í tísku að gera lítið úr 17. júní Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor skrifaði pistil á heimasíðu sína í tilefni dagsins og sagði að í kjölfar bankahrunsins hefði það komist í tísku hjá menntamönnum að gera lítið úr sjálfstæðisbaráttu og þjóðernisvitund Íslendinga. Hannes segir jafnframt að þjóðin ætti að halda áfram með „hjóð skynsamlega skipulag fiskveiða“ sem nú er gildandi sem og að selja útlendingum orkuna sem landið býr yfir. Hannes virðist hafa misst af því að það er einmitt sala á orku til erlendra stórfyrirtækja og sjávarauðlindanna sem hefur verið helsta bitbeinið síðastliðin ár og svo



mjög að mörgum hefur þótt sem um sjálfstæðismál þjóðarinnar sé að ræða.

Neyðarúræði þrisvar í röð Alþingi hefur verið kallað saman til að setja lög á verkfall flugvirkja. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði af því tilefni að lagasetning væri algjört neyðarúræði. Ætli Hanna sé þá ekki full fljót að grípa til neyðarúræða en þetta er í þriðja sinn sem hún beitir sér með lagasetningu gegn verkfalli síðan í apríl. Fyrst voru sett lög á verkfall starfsmanna ferjunnar Herjólfu og því næst voru sett lög á verkfall flugmanna. Verkföllin snerta þúsundir en það þykir samt ekki smart af ráðherra að grípa svona ítrekað til þessara ráðstafana og veikja þannig rétt launþega. snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Flugmenn eru frekjuhundar

SAMFÉLAG



Benóný Ægisson rithöfundur

Náði þér á fyrirsögninni, lesandi góður, og víðurkenni strax að þessi pistill er ekki um flugvöllinn, kjarabaráttu flugmanna eða neitt sem tengist flugmönnum þótt mörgum finnist eflaust að hægt sé að færa ágæt rök fyrir þessari fullyrðingu. Ég er bara ekki í þeirri deild að ég sé mikið að víðra fordóma mína í fjölmiðlum. Mér er hins vegar farið að ofbjóða verulega það skítkast sem sýknt og heilagt dynur á okkur, íbúum í miðbæ Reykjavíkur.

Við, þessir latteþjandi lopatreklar, eigum víst að ráða öllu, við viljum úthýsa flugvélum úr miðborginni með þeim afleiðingum að landsbyggðarfólk mun deyja í stórum hópum því það kemst ekki nógu snemma á spítala. Við, þessir andskotar, meinum fólki að veiða urriða í Þingvallavatni, erum í heilögu stríði gegn einkabílum þeirra sem búa í úthverfunum og ég veit ekki hvað og hvað.

Og hvaða lið er það í 101 sem hefur svona óskapleg völd? Er það ég, listamaður með lágar tekjur sem keypti illa farinn húskofa í miðbænum fyrir langalöngu þegar verðið var hagstætt og gerði hann upp með ærnum tilkostnaði. Sem aldrei hef tilheyrt neinum stjórnmalaflokki eða verið í valdastöðu. Eða eru það

→ Við, þessir andskotar, meinum fólki að veiða urriða í Þingvallavatni, erum í heilögu stríði gegn einkabílum þeirra sem búa í úthverfunum og ég veit ekki hvað og hvað.

kanski börnin mín sem ólust herna upp? Eða barnabörn okkar latteliðsins sem hafa ekkert til saka unnið? Eða unga fólkið sem býr um stundarsakir í miðbænum til að vera í hringiðunni eða nær skólanum sínum. Eða innflytjandinn sem skúrar og býr um rúm á Landspítalanum, en hvergi búa fleiri innflytjendur en í 101? Er það fólkið í elliblokkunum á Skúlagötunni? Hvað lið er þetta eiginlega?

Mér er til efs að hér búi fleiri valdamenn en í öðrum hverfum eða landshlutum. Ekki fleiri borgarfulltrúar eða þingmenn og ég veit ekki til þess að hér búi neinn ráðherra. Því vil ég biðja fólk að gæta hófs í málflutningi sínum og kenna okkur ekki um aðra glæpi gegn mannkyni en þá sem eru sannanlega okkar. Svo býð ég alla Íslendinga velkomna ef þeir vilja heimsækja okkur liðið í 101, það er engin ástæða til að óttast okkur, við erum bara venjulegt fólk.

Afbygging Þjóðleikhússins

Hlín Agnarsdóttir gerir upp leikárið sem er að líða í DV föstudaginn 13. júní. Að dómi Hlínar stendur íslenskt leikhús á tímamótum. Ný kynslóð sviðslistamanna er að ryðja sér til rúms og hefur aðrar hugmyndir um leikhúsið en þær kynslóðir sem byggðu upp íslenskt atvinnuleikhús um miðja síðustu öld.

MENNING



Trausti Ólafsson
leiklistarfræðingur

→ Þjóðleikhúsið þarf hins vegar að afbyggja. Þar ber að brjóta niður strúktúrana að baki ásýndinni og greina merkinguna sem þá finnst.

Nýr leikhússtjóri hefur tekið við í Borgarleikhúsinu og seinna á árinu verður ráðinn nýr þjóðleikhússtjóri. Segir Hlín og bætir því við að heyrst hafi að þjóðleikhúsráð hafi á stefnuskrá sinni að sá [sú] sem hnósið hreppi verði helst ekki kominn yfir fertugt.

Sé litið yfir grein Hlínar í leit að þjóðleikhússtjóra undir fertugu reynist erfitt að finna hann í þeim skrifum. Það væri þá helst Tyrfingur Tyrfingsson sem hefur vakið athygli fyrir góð tilþrif í leikritun. Eg óska þess samt Tyrfingi og íslensku leikhúsi til handa að hann verði ekki gerður að þjóðleikhússtjóra. Aður en að því kemur á ferlið á hann vonandi mörg óskrifuð leikrit. Á stjórnastóli í Þjóðleikhúsinu er hætt við að skáldaæðin stíflist fljótt. Hið sama á við um bráðunga og efnilega leikstjóra sem eru að eflast í sinni list. Starf þjóðleikhússtjóra er ekki fyrst og fremst fólgið í því að skapa á leiksviðinu heldur að veita öðrum sem bestar aðstæður til sköpunar þar.

Þegar fyrrnefnd grein Hlínar er skoðuð kemur í ljós að á bak við þær tvær sýningar sem henni virðast hafa staðið upp úr hér á höfuðborgarsvæðinu, Húsi Bernörðu Alba í Gamla bíói/Borgarleikhúsinu og Ragnheiði í Íslensku óperunni, er ekkert sérstakt ungið að finna. Kristín Jóhannesdóttir leikstýrði Bernörðu og Stefán Baldursson Ragnheiði. Kristín er margreyndur leikstjóri og þótt hún sé greinilega ung og ör í anda þá eru allmörg ár síðan hún varð fertug. Stefán var þjóðleikhússtjóri í fimmtán ár og verkefni hans sem leikstjóra eru orðin mörg og fjölbreytt. Leikstjórnir sem sé báðir þrautreyndir.

Það skyldi þó aldrei vera að hin unga kynslóð sviðslistamanna gæti sitthvað lært af millikynslóðinni, kynslóð þeirra Kristínar og Stefáns, sem tók við af brautryðjendum í íslensku atvinnuleikhúsi sé

upphaf þess miðað við opnun Þjóðleikhússins. Verkefnið felst ekki í því að ryðja einni kynslóð úr vegi til þess að skapa rúm fyrir nýja heldur að byggja brú þekkingar og trausts milli kynslóðanna.

Unnið með hugtök

Undanfarinn áratug hef ég starfað mikið með ungu fólki sem kennari í almennri bókmenntafræði í Háskóla Íslands. Námskeiðin mín hafa fjallað um leikhús, leiklist og texta sem skrifaðir hafa verið fyrir leiksvið. Oft hefur verið hreint yndi að vera samvistum við æskuþrótt nemenda minna og verða vitni að því hvernig greinandi hugur þeirra eflist við það að fá í hendur verkfæri, hugtök, til þess að greina og fjalla um leiklist og leiktexta.

Í hugvísindum er nefnilega unnið með hugtök. Eitt þeirra er kallað afbygging á íslensku. Í grein sinni grípur Hlín til afbyggingarhugtaksins til þess að lýsa umdeildum vinnuáferðum Kristínar Jóhannesdóttur í sýningunni á Bernörðu Alba. Það er í besta falli umdeilanleg hugtakanotkun. Afbygging listaverks – eða hvaða hugverks sem vera skal – felst ekki í því að brjóta það í búta og skeyta milli brotanna þáttum úr annarri átt. Afbygging merkir að upprunaleg bygging verksins er brotin niður til þess að kanna merkinguna sem greina má á milli einstakra þátta og stakra brota verksins. Merkinguna að baki ásýndinni. Mér virtist að Kristín hafi ekki farið þá leið í uppsetningu sinni á leikriti Lorca. Heldur þá sem fyrr var lýst hér að ofan.

Þjóðleikhúsið þarf hins vegar að afbyggja. Þar ber að brjóta niður strúktúrana að baki ásýndinni og greina merkinguna sem þá finnst. Og byggja síðan upp sterka innviði úr reynslu, þekkingu og ungum sköpunarkrafti. Séu innviðirnir ekki traustir verður ásýndin hvorki fögur né sönn.

Neysluvatn og sumarhús

Sumarhúsum hefur fjölgað mikið á síðustu árum og voru þau 12.401 talsins árið 2012 samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Með fjölgun sumarhúsa hefur vatnsveitum í einkaeign fjölgað. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sér um eftirlit á neysluvatni frá stærri vatnsveitum, en það er á ábyrgð eigenda einkavatsnbóla að fylgjast með gæðum neysluvatns úr sínum veitum. Sumarhúsaeygendur sem kaupa neysluvatn af einkaveitu ættu að kanna hvort fylgst sé með gæðum og öryggi neysluvatnsins og hvort það hafi verið rannsökuð sýni á síðustu árum.

UMHVERFIS-VERND



Hrólfur Sigurðsson
sérfræðingur hjá Matís ohf.

